

Fundur 8.12.2025 Þýsk kona Schmit. Tengdaamma Sveins H.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð. Er hér orka mikil og þjóð mín komin á gott mögnunarstig og höfum við lengi fylgst með hinni íslensku þjóð feta sig fyrstu brautina á leiðinni til framfara í þessum efnunum.

Og er ég ekki í nokkrum vafa um það að kenningar dr. Helga Þjeturss hafa við rök að styðjast, og er ég hér komin á aðra framlífs jörð mína og minnst ég þess er ég við ykkur talaði fyrst og var ég þá á fyrri framlífs jörð minni, og náði ég þá ekki að nefna nafn mitt, en ætla ég að reyna að þessu sinni seinna í kvöld og athuga hvort mér tekst það.

Yrði það ánægjulegt og hef frá ýmsu að segja, en við hér í kvöld höfum fylgst með fundi og gefið merki og komið inn í fund ykkar og hafa erindi, og höfum við oft talað yfir geimdjúpið til frumlífs hnatta, þar sem hin Nýalska stefna hefur orðið vinsæl og fræg meðal fyrstu þjóðarinnar og svo annara þjóða hnattarins, og eru það hin fegurstu umskipti orkunnar, kærleikans og vísindalegra framfara.

En er það ekki oft sem við tölum til okkar eigin frumlífs hnattar og er ekki auðvelt að koma þeim upplýsingum öllum á framfæri við spíritista sem trúa því að við séum andar, en er það talsvert auðveldara í slíkum hópi sem ykkar, þar sem vitað er að við erum líkamlegar verur.

Og hefðum við komið oft en margir sem bíða og erfitt að fá að komast í gegn og eru það mörg ár síðan ég komst í gegn hjá ykkur og aðeins einu sinni og ekki tókst mér að nefna nafn mitt, en margar vísindalegar uppgötvanir, höfum við oft verið nálægt því að komast í gegn, þar sem orkan hefur verið mikil og hvetjum ykkur til að halda oft fundi svo orkan magnist.

En til eru þeir frumlífs hnettir þar sem þessi Nýalska speki nær útbreiðslu og er það mikil framför og blessun fyrir líforkuna og vísindin og höfum haft samband við Búrdlík og Þórunni og fleiri mannkyn sem slíkar framfarir hafa orðið, og bindum nokkrar vonir við að vísindamenn ykkar jarðar taki við sér, en það eru einnig helstefnu öfl að takast á við í vísindum eins og víðar.

En ekki tókst mér að lýsa í smáatriðum framförum í vísindagrein minni síðast er ég við ykkur talaði, en varð nú undrunin ekki eins mikil að komast yfir á aðra framfara jörð og á framlífs hnött.

Væri það mikilvægt að fjalla um mína vísindagrein, en eru þar hömlur á, en get ég lýst því að þá voru miklir framfara tímar þegar ég var uppi og mikil líforkan sem mannkynið fékk og var það fyrir hluti 20. aldarinnar og seinni hluti þeirrar 19. og mikill framfara tími og líforkan mikil og fengu vesturlanda bugar sérstaklega mikið af líforku, framfara hugmyndum og var viðburðabylgjan sterkust á vesturlöndum og framfara hugurinn og framrás mannkynsins, en hefur það nú breytst.

En í vísindagrein minni hafa orðið enn meiri framfarir í framlífi mínu og vildi ég gjarnan koma inn á það, og fengum við spurnir af því nýlega þegar annar framfara maður kom fram hjá hinni Bandarísku þjóð framlífsins, sem hafði stigið rétt spor í þessari sömu vísindagrein, og talaði til ykkar, og er hann nú á mikilli framfara braut.

Og segja má að nú berjast helstefnu mannkyn og lífstefnu mannkyn um hina Bandarísku þjóð, hvort framför þeirra haldi áfram eða verði stöðvuð eins og helstefnu öflin vilja, en vísindamaður sá sem fram er kominn á framlífs hnetti þeirrar Bandarísku þjóðar mun halda áfram að hjálpa sinni þjóð í framlífi og stefna á rétta braut í vísindalegum efnunum og er það einmitt sú braut sem við höfum markað.

Og töluðum við strax við þann mann og heitir hann Wattson, og eru það margir á hans hnetti á réttri braut og trúum að það muni mikil framfara jörð.

En já höfum við einnig talað við sama miðil og ég kom fram í gegnum fyrst á framlífs hnetti þeim sem margir Íslendingar lenda á, og vona ég að ég geti nefnt nafnið mitt.

Tekur lengri tíma að ná upp góðri orku, þurfið að hafa oftari fundi, líffræðingur, þýskur, Schmit.

*Já, fornafnið ?*

Næ því ekki alveg.

*Ert þú eitthvað tengd Sveini ?*

Já já, tvöfalt v næ því ekki alveg,

*Walter ? nei þetta er kona.*

Ég kveð ykkur að sinni en þakka fyrir og reyni síðar, verið þið sæl.

*Vertu blessuð. Bless.*